



Erindisbréf umhverfis- og framkvæmdanefndar

1. gr.

Stjórnskipuleg staða

Umhverfis- og framkvæmdanefnd heyrir beint undir bæjarstjórn. Umhverfis- og framkvæmdanefnd starfar á umhverfis- og eignasviði.

Verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði er starfsmaður umhverfis- og framkvæmdanefndar, en auk þess starfar með nefndinni sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

2. gr.

Skipan nefndarinnar

Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og fimm til vara, skv. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 34. og 48. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Kjósa skal í umhverfis- og framkvæmdanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabilið það sama og sveitarstjórnar. Bæjarstjórn kýs formann og varamann umhverfis- og framkvæmdanefndar.

3. gr.

Hlutverk og verkefni

Umhverfis- og framkvæmdanefnd fjallar um umhverfis- og náttúruverndarmál í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Nefndin sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum nr. 155/2018, um landgræðslu, og náttúruverndarnefndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald, dýraeftirlit, refa- og minkaeyðingu, meindýraeyðingu og fjárgirðingar, sbr. ákvæði gildandi laga þar um.

Nefndin fer með stjórn vatnsveitu, fráveitu og Eignasjóðs að því marki sem þau verkefni eru ekki falin öðrum nefndum, auk verkefna þjónustumiðstöðvar og garðyrkjudeildar.

Þá fer nefndin með heilbrigðismál að því marki sem þau eru ekki falin öðrum nefndum, vinnur að stefnumótun og framtíðarsýn í sorp- og úrgangsmálum, er umsagnaraðili varðandi umhverfismat, skv. lögum um umhverfismat áætlana og umhverfismat framkvæmda, hefur umsjón með jarðeignum sveitarfélagsins, sinnir merkingu stíga og gönguleiða, umhirða opinna svæða, uppbyggingu og viðhaldi almenningsgarða og útivistarsvæða sveitarfélagsins, svo og málefni óbyggðanefndar.

Nefndin hefur umsjón með umferðaröryggisáætlun, er ráðgefandi fyrir bæjarstjórn um almenningsgöngur í sveitarfélaginu, gerir tillögur um styrkvegi og öflun fjármagns til uppbyggingar þeirra og viðhalds, og er umsagnaraðili um snjómokstur.

Nefndin hefur eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga, og gerir tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi sem undir nefndina heyrir. Nefndin

hefur umsjón með þeim stofnunum sem undir nefndina heyra og gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þessara stofnana og í umhverfis- og framkvæmdamálum almennt.

Meginhlutverk nefndar um umhverfis- og framkvæmdamál er stefnumótun, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Nefndin setur forstöðumönnum og starfsmönnum þeirra stofnana sem undir nefndina heyra starfsreglur um afgreiðslu samsvarandi mála.

4. gr.

Starfshættir

Um starfshætti umhverfis- og framkvæmdanefndar, fundi, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði IV. og VI. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd kemur saman fyrir luktum dyrum, að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði. Aukafundi skal halda ef a.m.k. þrír nefndarmenn óska þess.

Verkefnastjóri umhverfis- og eignasviðs er ritari umhverfis- og framkvæmdanefndar, en nefndin getur auk þess ráðið sér fundarritara í hans forföllum. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. ákvæði í 16. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Starfsmaður nefndar sér um undirbúning og boðun funda í samráði við formann nefndarinnar. Fundarboðun skal vera með tölvupósti og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð ásamt gögnum sem fyrir liggja um þau mál sem taka á fyrir skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar og sér um að allt fari löglega fram á fundum þess. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

5. gr.

Afgreiðsla mála

Umhverfis- og framkvæmdanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Nefndinni er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema lög kveði á um að það skuli afgreitt fyrir tiltekinn tíma. Þá er nefndinni heimilt að fela starfsmanni að vinna frekar að úrlausn tiltekins mál og leggja aftur fyrir nefndina til afgreiðslu.

Fulltrúi nefndarinnar á rétt á því að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem er til meðferðar í nefndinni.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli nefndarmanna eða við starfsmann um slíka afgreiðslu. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi lögum og reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

6. gr

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í umhverfis- og framkvæmdanefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Fulltrúa er skylt að boða varmann í forföllum sínum og tilkynna það starfsmanni nefndar. Heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu fulltrúi staddir í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til starfsmann nefndarinnar fyrir fundarboðun.

Fulltrúar í umhverfis- og framkvæmdanefnd skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

7. gr.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal umhverfis- og framkvæmdanefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið þess gilda hverju sinni.

Þá skal umhverfis- og framkvæmdanefnd fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar eins og hún er hverju sinni og svo og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

8. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. júlí 2022 með vísan til 48. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og tekur þegar gildi. Gildir erindisbréf þetta þar til annað kann að vera ákveðið.

Ísafirði, 4. júlí 2022

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri